

Mánudaginn 13. aprilmán.

Nr. 13/1896.

Rjettvísinn

gegn

Ólafi Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 22. febr. þ. á., var Ólafur Kristmann Sigurðsson dæmdur fyrir þjófnað framinn í 3. sinn til betrunarhússvinnu í 8 mánuði og til að greiða allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, svo og skaðabætur 5 kr. 50 a. til Frímans Finnssonar.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirrjettarins.

Það er sannað með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að hann snemma morguns 3. febr. þ. á. stal nær því nýrri olíukápu í húsi í Vesturgötu, og hjekk kápan þar í eldhúsganginum, en ákærði hafði gist í húsinu um nóttina. Til þess að gjöra kápuna ókennilega risti hann neðan af henni og breytti henni á ýmsan annan hátt. Kápuna, sem var talin 11—12 kr. virði, hefir eigandinn Frímann Finnsson fengið aptur; hefir hann krafizt í skaðabætur fyrir skemmdir á kápunni 5 kr. 50 a., og hefir undirjetturinn talið þá kröfu hæfilega og ákærði ekki mótmælt upphæðinni. Hinn ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, hefir tvívegis áður sætt hegningu fyrir þjófnað, sem sje 5 daga fangelsi við vatn og brauð og 4×5 daga sama fangelsi samkvæmt aukarjettarjettardómum Reykjavík-

urkaupstaðar 4. nóv. 1892 og 25. sept. 1893, og ennfremur hefir hann fleirsinnis verið sektaður fyrir ýmisleg brot á lögreglusamþykkt Reykjavík-urkaupstaðar. Þetta síðasta brot hins ákærða, sem hann nú er sakaður fyrir, ber að heimfæra undir 233. gr. almennra hegningarlaga, og með því hegningin virðist hæfilega ákveðin af undirdómaranum 8 mánaða betrunarhússvinna og yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hins áfrýjaða dóms að því kemur til málskostnaðar og skaðabóta, ber að öllu leyti að staðfesta hann.

Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefir verið vitalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði Ólafur Sigurðsson á að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og verjanda þar, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagði aðför að lögum.